



Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfjörður - Sími 510 0800 - Fax 510 0809 - Netfang hlif@hlif.is

Hafnarfirði, 3. júlí 2019

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Bt. Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Efni: Staðan í kjaramálum félagsmanna Vlf. Hlífar sem vinna hjá Hafnarfjarðarbæ

Verkalýðsfélagið Hlíf vekur athygli á þeirri stöðu sem nú ríkir í samningamálum félagsmanna sem vinna hjá sveitarfélaginu.

Viðræður hafa staðið yfir við Samband íslenskra sveitarfélaga frá því í febrúar sl. og er búið að halda nokkra fundi. Mikið ber á milli og vísaði SGS deilunni til sáttasemjara þann 28. maí sl.. Síðan þá er búið að halda tvo fundi, ekkert hefur gengið og deilan í hörðum hnút - sérstaklega varðandi samræmingu lífeyrisréttinda milli opinberra starfsmanna og starfsfólks á almennum vinnumarkaði. Ríkið og Reykjavíkurborg hafa þegar fallist á slíka samræmingu, en Samband sveitarfélaga hefur þvertekið fyrir það. Næsti fundur hjá ríkissáttasemjara verður ekki fyrr en 21. ágúst nk.


Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur að undanfögnu samið við önnur sambönd og félög um frestun viðræðna og friðarskyldu til 15. september nk. Samið hefur verið um innágreiðslu upp á kr. 105.000 miðað við fullt starf. Ríkissáttasemjari hafði milligöngu fyrir SGS hvort slíkt standi okkar félagsmönnum til boða en formaður samninganefndar sveitarfélaganna neitaði því þar sem búið væri að vísa deilunni til sáttasemjara.

Miðað við þetta er ljóst að okkar félagsmenn verða einu starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar sem ekki fá umrædda eingreiðslu. Það er von félagsins að forsvarsmenn bæjarins sjái hag í því að hafa starfsmenn sína ánægða. Mismunun af þessu tagi er sveitarfélögunum ekki til framdráttar og mun einungis efla barráttuandann í þeirri kjarabaráttu sem fram undan er.

Því fer Verkalýðsfélagið Hlíf fram á það að Hafnarfjarðarbær greiði starfsfólki sínu sem starfar eftir samningi SGS slíka innágreiðslu þann 1. ágúst nk. að upphæð kr. 105.000 m.v. fullt starf þann 1. júní sl. og hlutfallslega fyrir lægra starfshlutfall.

Með von um jákvæð viðbrögð

F.h. Vlf. Hlífar


Kolbeinn Gunnarsson,
formaður

(afrit sent fulltrúum í bæjarráði)